

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 6. mars 2015
UST201502-621/B.S.

Efni: Rannsóknarleyfi - virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi vegna mögulegrar nýtingar á rennsli Hvalár og Rjúkanda.


Í greinargerð VesturVerks fylgiskjali umsóknar um rannsóknarleyfi kemur fram að eðli rannsókna muni verða með tvennum hætti. Á fyrri hluta rannsóknartímans fara fram ýmsar yfirborðsrannsóknir s.s. landmælingar og jarðfræðirannsóknir. Á seinni hluta rannsóknartímans er hins vegar ráðgert að koma þurfi stórvirkum vinnuvélum á fyrirhuguð framkvæmdasvæði til að bora m.a. kjarnaholur og grafa könnunargryfjur. Leggja þarf vegslóða til að koma tækjum að rannsóknarsvæðum.

Umhverfisstofnun vill benda á að engin mannvirkjagerð af þessu tagi hefur farið fram á fyrirhuguðu virkjanasvæði. Stofnunin vill benda á að hálendið sunnan Drangajökuls telst til víðerna og hafa stjórnvöld markað stefnu sem felst í því að vernda víðerni. Því telur Umhverfisstofnun brýnt að dregið verði úr raski á rannsóknartíma eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að leyfisveitandi eigi að skipta rannsóknarleyfi í tvennt þannig að leyfi taki í fyrstu einungis til yfirborðsrannsókna sem ekki fela í sér rask s.s. borun. Að fyrri hluta rannsókna loknum gæti legið fyrir ítarleg áætlun um rannsóknir sem fela í sér jarðrask og slóðagerð. Umhverfisstofnun telur að með þessari tilhögun væri líklegt að rannsóknir á seinni hluta rannsóknartíma yrðu markvissari og jarðraski jafnframt haldið í lágmarki.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn um rannsóknarleyfi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri